

Kubbi íþróttafélag eldri borgara
Ísafjarðarbæ.

Ársskýrsla 2024

Ársskýrsla stjórnar Kubba íþróttafélags eldri borgara Ísafjarðarbæ fyrir árið 2024.

Boccia: Æfingar hófust í byrjun janúar og var yfirleitt spilað á þremur völlum, þannig að aðsókn var ágæt. Æfingar fóru fram á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum í Íþróttahúsinu á Torfnesi kl. 11:50 – 13:50. Stóðu æfingar fram í maí og síðan byrjað að nýju í byrjun október. Stjórnandi æfinga var Kristján S. Kristjánsson en Jens Kristmannsson sá um stjórn og framkvæmd móta. Hið árlega Góumót var haldið 20. mars og voru fjögur lið skráð til keppni. Sigurvegari var Kubbi-B en liðsmenn voru : Valdís Veturliðadóttir, Heiðar Guðmundsson og Jóhann Sígfússon.

Tvímenningsmótið var haldið 11. og 13. nóvember og voru 9 lið skráð til keppni. Sigurvegarar voru Rúnar Eyjólsson og Heiðar Hermannsson.

Sundleikfimi:

Kubbi fékk tíma í Sundhöll Ísafjarðar þriðjudaga kl. 10:00-11:20 og föstudaga kl. 12:00 – 13:50. Að jafnaði voru 15-18 manns í sundleikfiminni. Stjórnendur voru Rannveig Pálsdóttir og Guðríður Sigurðardóttir.

Pútt:

Púttvöllurinn opnaði 11. maí og var opinn til 9. október. Garðar Garðarsson sá um opnun vallarins alla virka daga en vallarstjórnarnir Reynir Pétursson og Finnur Magnússon sá um lokun. Sáú þeir einnig um holutöku á vellinum. Um helgar sáú félagsmenn um opnun og lokun. Árný Oddsdóttir og Sigríður Þórðardóttir sáú um umhirðu blóma og trjáa. Golfklúbbur Ísafjarðar sá um slátt á vellinum eins og undanfarin ár, samkvæmt samningi við Ísafjarðarbæ.

Samkvæmt gestabók voru gestir vallarins 1838 sem skiptis þannig milli mánaða; maí 228, júní 481, júlí 404, ágúst 304, september 367, október 54.

Haldin voru 7 mót á vegum félagsins en þau voru: Opnunarmót, Sjafnarmót, Héðinsmót, Skemmti-og plankamót, Paramót, Fyrirtækjamót og Lokamót. Að loknu hverju móti er boðið til kaffiveitinga þar sem verlaunaafhending fer fram. Úrslit allra móta má sjá í skýrslu um mót félagsins. Á ári hverju er krýndur púttmeistari Kubba, þae sem 4 bestu mót hvers (að undanskyldu Planka-og skemmtimóti) telja ásamt Landsmóti UMFÍ 50+ og Íslandsmóti 60+. Púttmeistari 2024 var Reynir Pétursson.

Íslandsmót í pútti 60+:

Nótið var haldið í í Borgarnesi (Borgarbyggð) 15. ágúst. Kubbi var með 11 keppendur. Gengi keppenda var ekki gott í einstaklingskeppninni en í sveitakeppni karla var Kubbi í þriðja sæti, en í sveitinni voru: Heiðar Guðmundsson, Reynir Pétursson og Finnur Magnússon.

Landsmót UMFÍ 50+:

Mótið var haldið í vogum á Vatnsleysuströnd 6.-9. júní. Aðeins 8 keppendur voru skráðir frá Kubba. Á fyrsta degi var keppt í Boccia og var árangur félaga úr Kubba ekki góður. Á þriðja degi var keppt í sundi og átti Kubbi tvo keppendur þar: Margréti Eyjólfsdóttur og Jóhann Sigfússon. Auk þeirra var Ísfirðingurinn Guðbjörn Salmar Jóhannsson og fengu þau öll gullverðlaun. Þá var einnig kynning á pokavarp (Cornhole) og pílukasti. Fóru nokkrir félagar á þessar kynningar og var ánægja meðal félaga sem varð til þess að stjórn Kubba ákvað að kaupa tvær pokavarfs brautir. Var kynning á pokavarpinu á púttvellingum 6. júlí. Síðan var ákveðið að fara með brautirnar um haustið í Íþróttahúsið á Torfnesi og æfa þar. Hefur ekki náðst áhugi á þessu, hvorki úti né innanhúss. Eftir kynninguna á pílukasti var ákveðið að halda smá mót. Kubbi átti þrjá keppendur þar: Gunnlaug Gunnlaugsson, Guðjón Bjarnason og Finn Magnússon. Var Gunnlaugur í öðru sæti og Guðjón í þriðja. Á lokadegi fór fram púttmótið á Kálfatjarnarvelli á Vatnsleysuströnd. Framkvæmd mótsins var ekki góð. Sveit Kubba-A var í þriðja sæti í sveitakeppninni. Í sveitinni voru: Finnur Magnússon, Jóhann Sigfússon, Kristján Pálsson og Reynir Pétursson.

Í góðum félagsskap:

21. september var kynning í Edinborgarhúsinu á félagsstarfi á norðanverðum Vestfjörðum á vegum Íþróttá- og æskulýðsfulltrúa Ísafjarðarbæjar ásamt Vestfjarðastofu undir nafninu „Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP“. Kubbi tók þátt í þessari kynningu í samstarfi við Félag eldri borgara. Var Kubbi með kynningu á Boccia, Pokavarpí og Pútti. Var kynningu okkar vel tekið og reyndu margir við þessar íþróttagreinar og höfðu gaman af. Var haft á orði að bás okkar væri einn sá besti á staðnum.

Lokaorð:

Á árinu voru bókaðir 13 stjórnarfundir frá 10. apríl til 20. nóvember.

Stjórn félagsinsvar þannig skipuð s.l. ár:

Formaður: Finnur Magnússon

Varaformaður: Kristján S. Kristjánsson

Gjaldkeri: Kristján Pálsson

Ritari: Guðjón Bjarnason

Meðstjórnandi: Margrét Eyjólfsdóttir

Varastjórn: Reynir Pétursson, Gunnlaugur Gunnlaugsson, Rúnar Eyjólfsson.

Ísafirði 12. mars 2024, Finnur Magnússon.